



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Miðvikudagur, 7. maí, 2008

Ákvörðun nr. 30/2008

Kaup Sparisjóðs Keflavíkur á Sparisjóði Þórshafnar

1.

Með samrunaskrá mótttekinni 5. maí 2008 tilkynnti Sparisjóður Keflavíkur Samkeppniseftirlitinu um kaup sín á Sparisjóði Þórshafnar. Framsetning samrunaskrárinnar var í samræmi við reglur nr. 881/2005 um tilkynningu samruna.

Á grundvelli framangreindra upplýsinga er það mat Samkeppniseftirlitsins að kaup Sparisjóðs Keflavíkur á Sparisjóði Þórshafnar feli í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og fellur samruninn undir samrunaeftirlit 17. gr. laganna þar sem veltuskilyrði eru metin uppfyllt.

2.

Sparisjóður Keflavíkur og Sparisjóður Þórshafnar eru sparisjóðir í skilningi VIII. kafla laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Rekur Sparisjóður Keflavíkur afgreiðslur víða á Reykjanesi ásamt því að hafa umsvif á Vestfjörðum og í Húnavatnssýslu þar sem sparisjóðurinn rekur afgreiðslur. Sparisjóður Þórshafnar rekur afgreiðslur á Kópaskeri, Bakkafirði, Þórshöfn og Raufarhöfn.

3.

Fram kemur í samrunaskrá að stjórnir samrunaaðila hafi hugað að því undanfarin misseri hvernig styrkja megi sjóðina til þess að gera þá hæfari að sinna viðskiptavinum sínum en smæð sjóðanna hefur gert þeim erfiðara um vik að veita stærri lán og nauðsynlega alhliða fjármálaþjónustu. Í samrunanum felst að hinum yfirtekna sparisjóði mun verða reikningslega lokið og að allar afgreiðslur muni verða reknar af Sparisjóði Keflavíkur. Verða afgreiðslurnar reknar undir vörumerkinu „Sparisjóðurinn“.

4.

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða slík staða styrkist, sbr. 17. gr. samkeppnislaga. Í ákvæðinu segir einnig að taka beri tillit til þess að hvaða marki alþjóðleg samkeppni hafi áhrif og hvort markaðurinn sé opinn eða aðgangur að honum hindraður. Þessi atriði eru í samkeppnisrétti í raun innifalin í mati á því hvort markaðsráðandi staða myndist eða styrkist. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrkleika að geta hindrað virka samkeppni á



þeim markaði sem máli skipti og það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppnauta, viðskiptavina og neytenda.

Starfsemi Sparisjóðs Keflavíkur og umsvif eru að meginstefnu til á Reykjanesi og Norðvesturlandi en sparisjóðurinn hefur m.a. rekið afgreiðslur í Keflavík, Njarðvík og Ísafjarðarbæ. Á Reykjanesi reka þrír stórir viðskiptabankar afgreiðslur. Þá reka tveir þessara sömu viðskiptabanka jafnframt afgreiðslur á Ísafirði.

Á starfssvæði Sparisjóðs Þórshafnar reka ekki margir afgreiðslur. Er starfssvæði sparisjóðsins frekar strjálbýlt og búa margir utan helstu þéttbýliskjarna. Starfa stórir viðskiptabankar og fleiri sparisjóðir á Norðurlandi eystra sem veitt geta Sparisjóði Þórshafnar samkeppnislegt aðhald.

Telur Samkeppniseftirlitið ekkert í gögnum málsins bera með sér að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist þannig að samkeppni sé hindruð í skilningi 17. gr. samkeppnislaga.

Ákvörðunarorð:

„Í kaupum Sparisjóðs Keflavíkur á öllu stofnfé í Sparisjóði Þórshafnar felst samruni í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til að aðhafast frekar vegna þessa samruna.“

Samkeppniseftirlitið

Guðmundur Sigurðsson